

## Svar

### sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Hildi Knútsdóttur um baunarækt.

1. *Hvert er umfang baunaræktar hér á landi?*

Umfang baunaræktar hérlendis er óverulegt, helst eru baunir ræktaðar í skiptiræktun til að auðga jarðveg. Hestabaunir (lat. *vicia faba*) hafa mest verið ræktaðar hérlendis.

2. *Hvernig metur ráðherra skilyrði til baunaræktar í gróðurhúsum?*

Baunarækt er almennt fremur einföld og hérlendis herja sjaldan meindýr eða önnur óáran á baunir eða aðra ræktun og helgast það einkum af loftslagi. Baunir má rækta utan húss þó að árangurinn sé vissulega betri í gróðurhúsum, sérstaklega ef illa árar og sumarið er stutt. Ekki er þörf á upphituum gróðurhúsum til að rækta baunir nema lengja eigi vaxtartímabil. Það er hins vegar talsverð vinna að uppskera svo huga þarf vel að mögulegum virðisauka ef ræktunin á að vera arðbær.

3. *Hver eru viðhorf ráðherra til þess að framleiða prótín með baunarækt með tilliti til þess að slík ræktun veldur mun minni kolefnislosun og öðru álagi á umhverfið en kjötframleiðsla?*

Jákvætt er að styðja við frumkvöðla á þessu sviði og aðra þá sem veitt geta faglegan stuðning við aukna ræktun hérlendis, bæði hvað varðar baunir og aðrar garðyrkjuafurðir.

4. *Nýtur baunarækt styrkja eða annarra ívilnana?*

Baunarækt er ekki styrkt sem slík en nýsköpunar-, þróunar- og rannsóknasjóðir standa frumkvöðlum í baunaræktun opnir eins og öðrum, að því gefnu að viðkomandi verkefni standist þær kröfur sem gerðar eru af hverjum sjóði fyrir sig.

5. *Telur ráðherra að stuðla eigi að aukinni baunarækt og ef svo er, hvaða ráðum og aðferðum ætti þá að beita til þess?*

Æskilegt er að stuðla að fjölbreytni í innlendri ræktun, atvinnu- og virðisaukandi starfsemi hvar sem nýta má tækifæri til þess. Sífelld fleiri kjósa að nýta náttúrulegar afurðir í fæðu sinni sem hluta af lífsstíl sínum og skapar það aukna eftirspurn og möguleika fyrir innlenda framleiðslu. Í baunum finnst aminosýra (L-dopa) sem talin er geta haft jákvæð heilsufarsáhrif og gagnast m.a. í baráttunni við parkinsonsjúkdóminn.

Tvennt getur helst gagnast til að styðja við aukna framleiðslu á baunum og öðrum verðmætum garðyrkjuafurðum, annars vegar að styðja áfram myndarlega við menntun og rannsóknir á sviði garðyrkju, hins vegar að veita bændum stuðning við þróunar- og nýsköpunarverkefni og gæta þess að starfsumhverfi þeirra sé sem best á hverjum tíma.